

Skipulags- og umhverfisfulltrúi Vestmannaeyja
Ráðhúsinu, Kirkjuvegi 50
900 Vestmannaeyjar

Garðabær, 16. febrúar 2023

Málsnúmer: 202302-0029

IAS

Efni: Umsögn um Deiliskipulag Eldfells – Tillaga á vinnslustigi.

Vísað er til tölvupósts frá skipulags- og umhverfisfulltrúa Vestmannaeyja, dags. 10. febrúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um Deiliskipulag Eldfells -Tillögu á vinnslustigi.

Í tilefni þess að 50 ár eru liðin frá lokum Heimaeyjargossins hefur Vestmannaeyjabær fengið listamanninn Ólaf Elíasson til að hanna minnisvarða, sem verður afhjúpaður þann 3. júlí 2023, þegar 50 ár eru liðin frá Heimaeyjargosinu. Minnisvarðinn mun standa á nýjum útsýnisstað í Kirkjubæjarhrauni og honum munu tengjast nýjar gönguleiðir um hraunið og á Eldfell.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Markmið uppsetningar minnisvarða eru mjög jákvæð. Það á t.d. að fækka stígum upp á Eldfell, stýra og takmarka umferð, loka vegslóðum og færa þá aftur í náttúrlegt horf og sporna við ágangi framandi plöntutegunda.

Eldhraun og gígar njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. í lögum um náttúruvernd og því þarf að huga sérstaklega vel að því að lágmarka allt rask á þeim. Umgengni í og við Eldfellið hefur verið ábótavant í gegnum árin og því getur minnisvarðinn stuðlað að bættu aðgengi og betra skipulagi innan svæðisins.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við staðsetningu minnisvarðans í hrauninu en setur spurningar við fyrirhugaða göngustíga upp á Eldfell. Almenn er æskilegt að göngustígar falli vel að náttúrunni og séu lítið áberandi. Hér á að fara þver öfuga leið og gera göngustígana áberandi og hluta af minnismarki um gosið. Göngustígurinn á fyrst að liggja yfir hraunið en þegar hann kemur að Eldfelli á hann að kvíslast. Vestari hlutinn verður mikið til á sömu slóðum og eldri stígar en sá eystri á að fara upp gíginn þar sem hann er það brattur að ekki er öruggt að leggja stíg án þess að vera með handrið og hvíldarpalla og því verður um mikið mannvirki að ræða og óvíst er hversu mikla festingu er að fá í gjallinu. Eldfellið er mjög sýnilegur, um 200 m hár gjallgígur nánast inni í Vestmannaeyjabæ, og er í dag vitnisburður um eldgosíð 1973. Náttúrufræðistofnun telur að minnismarki ætti ekki að breyta náttúrulegri ásýnd gígsins, með áberandi og jafnvel upplýstum göngustígum.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsinguna en er tilbúin að veita frekari ráðgjöf ef þess er óskað.

Virðingarfyllt,
Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

